

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Neskaupstað 24. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál

Náttúrustofa Austurlands, Náttúrustofa Suðurlands, Náttúrustofa Vestfjarða, Náttúrustofa Vesturlands, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Náttúrustofa Reykjaness og Náttúrustofa Norðausturlands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál. Samtök náttúrustofanna senda hér með sameiginlega umsögn um frumvarpið.

Samtökin fagna framkomnu frumvarpi enda löngu kominn tími til að þjóðin eignist safn um náttúru landsins sem væri frambærilegt á alþjóðlegan mælikvarða. Þó verður ekki séð af þessu frumvarpi að það verði tryggt þótt frumvarpið nái fram að ganga þar sem þar eru engin loforð um fjárveitingar.


Hér á eftir eru gerðar eru athugasemdir við 2. grein.

Að mati Samtaka náttúrustofa er hlutverk safnsins ekki nægilega skýrt í frumvarpinu. Nú þegar eru í landinu nokkur söfn sem uppfylla að hluta það hlutverk sem Náttúruminjasafni Íslands er ætlað samkvæmt frumvarpi þessu. Þess vegna er nauðsynlegt að lög um Náttúruminjasafn Íslands skapi því strax sérstöðu með því að ætla safninu að taka á öllum þáttum náttúru landsins, frá hæstu fjallstoppum niður í dýpstu hafála, frá æsilegustu hamfaraflóðum yfir í hægfara vöxt kórala og frá landmótunarkröftum hafs, jökla og veðurs til niðurbrots smádýra á jurtaleifum og þannig mætti áfram telja. Einnig að tengsl safnsins við rannsóknir á náttúru Íslands verði tryggð þannig að safnið verði lifandi og byggt á nýjustu rannsóknum og þekkingu.

Í umfjöllun um hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að mati Samtaka náttúrustofa óþarflega mikið gert úr samspili manns og náttúru. Það tilheyrir mun frekar hinum höfuðsöfnunum tveim, þ.e.a.s. Þjóðminjasafni og Listasafni. Saga byggðar, atvinnu og lista landsins er samofin náttúru og náttúrufari þess, en saga náttúru landsins er í sjálfu sér ekki tengd nýtingu hennar, þó vissulega hafi búseta sett mark á hana á síðustu árhundruðum. Náttúra Íslands er nógu merkileg og stórbrotin til að standa undir safni ein og sér, nýting hennar ætti einungis að vera hliðar/auka- en ekki aðalatriði í viðfangsefnum safnsins.

Samtök náttúrustofa lýsa þeirri von að samþykkt þessa frumvarps flýti því að aðstaða náttúruminjasafns komist í gott horf hið fyrsta.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Guðrún Á. Jónsdóttir

forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands og formaður samtaka náttúrustofa.